



# Starfsumhverfi framhaldsskólakennara á fyrsta ári COVID-19 heimsfaraldurs

Guðrún Ragnarsdóttir, Súsanna Margrét Gestsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Elsa Eiríksdóttir

► Abstract    ► Um höfunda    ► About the authors    ► Heimildir

Framhaldsskólastigið fór ekki varhluta af breyttu starfsumhverfi vegna COVID-19-faraldursins. Þegar samkomubann var sett á í mars 2020 fluttist öll staðkennsla yfir í fjarkennslu og hélst það fyrirkomulag fram eftir vorönn 2020. Um haustið tók við tímabil síbreytilegra samkomutakmarkana. Kennnt var ýmist á staðnum eða í eins konar blöndu af fjar- og staðnámi en í lok annar fluttist kennsla aftur alfarið yfir í fjarkennslu. Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á starfsumhverfi íslenskra framhaldsskólakennara við síbreytilegar aðstæður árið 2020. Sérstök áhersla er lögð á starfsaðstæður framhaldsskólakennara, starfsskyldur, stuðning og álag en einnig á samskipti kennara við nemendur, foreldra og samstarfsfólk. Auk þess verður kannað hvort kyn og stærð skóla hafi áhrif á fyrrgreinda þætti. Unnið er með gögn úr tveimur könnunum Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands sem lagðar voru fyrir starfsfólk framhaldsskóla. Fyrri spurningalistinn var lagður fyrir í lok vorannar 2020 og sá seinni í lok haustannar 2020. Niðurstöður sýna að kennarastarfið tók miklum breytingum á fyrsta ári heimsfaraldurs. Framhaldsskólakennarar fundu fyrir auknu álagi og þeim fannst starf sitt flóknara en áður. Streita jókst frá vormisseri til haustmisseris, þrátt fyrir þá tilfinningu kennara að þeir hefðu betri tök á starfi sínu. Konur vorðu meiri tíma í umönnun barna og þær fundu fyrir meiri streitu en karlar. Samstarf kennara var meira og fundir voru tíðari en kennurunum fannst samstarfið gagnlegt. Samskipti við nemendur og foreldra jukust í heildina, einkum að mati kvenkyns kennara. Kennarar töldu að skólarnir hefðu lagað starfshætti sína að breyttri stöðu nemenda á þessum krefjandi tímum. Niðurstöðurnar vekja áleitnar spurningar um starfsumhverfi kennara og starfsþróun þeirra á tímum heimsfaraldurs og síbreytilegra starfsaðstæðna. Þær eru jafnframt innlegg í samtal um hvernig megi bregðast við komandi kreppum og varpa ljósi á ýmsa veikleika í kerfinu.

*Efnisorð:* Starfsálag, starfsaðstæður, starfsskyldur, samskipti, stuðningur, framhaldsskóli

## Inngangur

Í lok apríl 2020 hafði skólahald í 166 löndum orðið fyrir verulegum truflunum vegna COVID-19-faraldursins (UNESCO, e.d.-b) og íslenska skólakerfið var þar ekki undanskilið. Framhaldsskólakennarar þurftu á einni helgi að taka upp fjarkennslu sem var að mestu kennsluformið út vorönnina. Hugtakið neyðarfjarkennsla (e. emergency remote teaching, ERT) hefur verið notað um þetta fyrirkomulag (Barbour o.fl., 2020). Haustið 2020 var kennsluformið breytilegra; í upphafi annar var það ýmist skipulagt í staðkennslu eða blönduðu formi stað- og fjarkennslu, en í annarlok var aftur skellt í lás og öll kennsla varð fjarkennsla (Guðlaug M. Pálsdóttir, 2022). Við þessar sífelldu breytingar gegndu framhaldsskólakennarar lykilhlutverki í að standa vörð um nám og velferð nemenda (Súsanna Margrét Gestsdóttir o.fl., 2020) um leið og þeir þurftu að aðlaga kennslu sína að síbreytilegu fyrirkomulagi sóttvarna.

Í upphafi faraldurs breyttist starfsumhverfi framhaldsskólakennara umtalsvert og áskoranir voru margvíslegar því margir þeirra höfðu litla reynslu af fjarkennslu (Súsanna Margrét Gestsdóttir o.fl., 2020). Hugtakið starfsumhverfi er hér notað sem yfirhugtak um fjölbreytta þætti í starfi kennara, þar með talið starfsaðstæður þeirra, starfsskyldur, álag í starfi, samvinnu við aðra kennara og skólastjórnendur, stuðning innan skóla og samskipti við nemendur og heimili. Undirbúningur kennara fyrir þessar nýju aðstæður var misjafn og einnig sá stuðningur sem þeir fengu (Súsanna Margrét Gestsdóttir o.fl., 2020). Kreppa sem þessi losar um festu, norm og hefðir sem einkennt hafa störf kennara í langan tíma (Guðrún Ragnarsdóttir, 2018a, 2018b, 2021) og þekkt er að breytingar yti undir streitu (Árný Helga Reynisdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2013; Fullan, 2016; Guðrún Ragnarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2014), hvað þá þegar ytri aðstæður knýja á um skjótar og lítt undirbúnar breytingar. Því þarf ekki að koma á óvart að kennarar um allan heim urðu óvissir um starfsskyldur sínar og þær leiðir sem fara skyldi í faraldrinum (UNESCO, e.d.-a). Breytingin úr staðnámi yfir í fjarnám gat verið óreiðukennt og streituvaldandi ferli (sjá t.d. Hargreaves og Fullan, 2020; Harris og Jones, 2020), jafnvel þar sem best var að málum staðið (Huber og Helm, 2020), og skólalokanir breyttu samskiptum kennara og juku einangrun þeirra í starfi sem gera má ráð fyrir að enn hafi aukið það álag sem þeir bjuggu við (Parte og Herrador-Alcaide, 2021).

Starfsfólk upplifir streitu þegar starfskröfur fara ekki saman við þekkingu, færni eða hæfni þess til að takast á við starfið og kann hún að valda viðbrögðum sem geta haft neikvæð áhrif á líkamlega, andlega og félagslega velferð þess (Houtman og Jettinghoff, 2007). Slíkar aðstæður voru til staðar hjá mörgum framhaldsskólakennurum í COVID-19-faraldrinum. Þar við bættist að breytingar urðu á persónulegum högum margra þeirra. Heimilið var ekki lengur griðastaður heldur einnig vinnustaður og það gat aukið enn á streitu.

Rannsóknir hafa sýnt að konur tóku á sig mikla ábyrgð í faraldrinum (sjá t.d. Andreu Hjálmsdóttur og Valgerði S. Bjarnadóttur, 2020) og umfangsmikil rannsókn á líðan grunnskólakennara leiddi í ljós að fleiri konur voru í þeim hópi sem fann fyrir mikilli streitu í faraldrinum (Hjördís Sigursteinsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2022). Því er nauðsynlegt að kanna hvort kyn hefur haft áhrif á starfsaðstæður framhaldsskólakennara um leið og kannað verður hvernig kennurum reiddi af og hvernig þeir upplifðu starf sitt á þessum umbrotatímum.

Þá hafa fyrri rannsóknir höfunda sýnt að skólastærð skipti máli þegar kom að kennsluháttum framhaldsskólakennara í faraldrinum en kennarar í minni skólum sögðust frekar hafa beitt fjölbreyttum aðferðum en kennarar í stærri skólum og jafnframt fengið meiri stuðning (Súsanna Margrét Gestsdóttir o.fl., 2020). Því var talið nauðsynlegt að hafa þann þátt einnig í huga þegar sjónum er beint að starfsumhverfi kennara.

Birtar hafa verið niðurstöður rannsókna sem varpa ljósi á skólastarf á tímum faraldursins (sjá t.d. Huber, 2021; Khanal o.fl., 2021; Súsönnu Margréti Gestsdóttur o.fl., 2020; Þuríði Jónu Jóhannsdóttur og Sólveigu Jakobsdóttur, 2020) og fjallað hefur verið um streitu og starfsskilyrði íslenskra grunnskólakennara (sjá t.d. Hjördísi Sigursteinsdóttur og Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur, 2022). Til þessa hafa ekki verið birtar niðurstöður rannsókna á starfsupplifun og álagi íslenskra framhaldsskólakennara í faraldrinum en bent hefur verið á að andleg velferð kennara hafi afgerandi áhrif á menntun nemenda þeirra (Hirshberg o.fl., 2022). Því er starfsumhverfi framhaldsskólakennara verðugt rannsóknarefni á tímum heimsfaraldurs.

Markmið þessarar greinar er að varpa ljósi á starfsumhverfi framhaldsskólakennara við síbreytilegar starfsaðstæður í COVID-19 faraldrinum. Sérstök áhersla verður lögð á starfsaðstæður framhaldsskólakennara, starfsskyldur og álag en einnig stuðning og samskipti kennara við nemendur, foreldra og samstarfsfólk og hvort þessir þættir tengdust kyni og stærð skóla. Rannsóknin varpar ljósi á starfsumhverfismál framhaldsskólakennara í faraldrinum og hefur því bæði hagkvæmt og fræðilegt gildi. Hún er jafnframt innlegg í umræðu um hvernig megi bregðast við komandi kreppum og varpar ljósi á ýmsa veikleika í kerfinu.

## Baksvið og fræðileg umgjörð

Þó velferð nemenda og starfsfólks skóla sé ætíð talin mikilvæg þá hefur í heimsfaraldri COVID-19 verið lögð sérstök áhersla á að standa vörð um hana (sjá t.d. QUINT, 2022). Meðan íslensk sóttvarnaryfirvöld stóðu vörð um heilsufar og öryggi þjóðarinnar sinntu skólastjórnendur starfstengdri velferð með því að vernda starfsfólk og nemendur fyrir þeirri vá sem skapaðist vegna COVID-19 (Guðrún Ragnarsdóttir og Jón Torfi Jónasson, í prentun). Loks féll það í skaut kennara að viðhalda eins eðlilegu ástandi og unnt var í daglegum samskiptum við nemendur og stuðla að því að faraldurinn hefði sem minnst áhrif á nám þeirra og líðan (UNESCO, e.d.-b).

## Starfsaðstæður, starfsskyldur og álag

Framhaldsskólakennarar unnu flestir heima þegar skólum var lokað vegna COVID-19 vorið 2020 og sinntu kennslu og öðrum starfsskyldum þaðan (Súsanna Margrét Gestsdóttir o.fl., 2020). Eins og hjá mörgum öðrum landsmönnum urðu heimili þeirra því oft vinnustaður og jafnvel skóli ef börn bjuggu á heimilinu og var húsakostur misheppilegur fyrir þessi breyttu hlutverk. Rannsóknir á erlendum vettvangi benda til þess að það hafi frekar komið niður á konum en körlum þegar störf færðust inn á heimilin í faraldrinum (Graham o.fl., 2021) og á Íslandi hefur verið sýnt fram á að flókið og annasamt fjölskyldulíf í faraldrinum hafi reynt á konur (Andrea Hjálmsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir, 2020), en þær báru mesta ábyrgð á heimilishaldinu og námi barna sinna og sinntu á sama tíma starfi sínu að heiman. Bent hefur verið á að leið karlmanna að hlutverkum kvenna sé torsóttari en kvenna að hefðbundnum hlutverkum karla (sjá t.d. Friedman, 2015) og farsóttin kann því að varpa ljósi á hvernig hefðbundin kynjahlutverk halda velli innan veggja heimilisins, þrátt fyrir gagngerar breytingar á opinberum vettvangi.

Kennarar þurftu ekki einungis að sinna kennslu heldur einnig öðrum starfsskyldum. Erfitt er að finna skýrar skilgreiningar sem taka á starfsskyldum kennara en vikið er að þeim í síðareglum kennara, aðalnámskrá framhaldsskóla og kjarasamningi framhaldsskólakennara. Í síðareglum kennara er meðal annars bent á að þeir hafi þær skyldur að mennta nemendur, sýna þeim áhuga og virðingu, byggja upp hvetjandi námsumhverfi og stuðla að góðum anda (Kennarasamband Íslands, e.d.). Í *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011* kemur fram að kennarar gegni lykilhlutverki í skólastarfi og að fagmennska þeirra hverfist um nemendur, menntun þeirra og velferð (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012). Árlegur vinnustundafjöldi framhaldsskólakennara er 1.800 vinnustundir á ári samkvæmt vinnutímaskilgreiningu í kjarasamningi. Þar af eru önnur störf en kennsla og námsmat áætluð um 360 vinnustundir á ári. Undir þennan hatt falla starfsdagar og önnur fundaseta með skólastjórnendum og fagdeildum (Fjármála- og efnahagsráðuneyti, 2014). Öllum þessum verkefnum þurftu kennarar að sinna í faraldrinum við óhefðbundnar aðstæður.

Þar sem takmarkanir á notkun skólahúsnæðis breyttu samskiptamynstri framhaldsskólakennara má ætla að dregið hafi úr óformlegu samstarfi sem á sér stað frá degi til dags, svo sem í kaffistofuspjalli og skyndilausnum sem gripið er til á göngum skólabygginga. Á þetta hafa meðal annars Harris og Jones (2020) bent. Sýnt hefur verið fram á að formlegt samstarf, þar með talin fundahöld, kom að einhverju leyti í stað þessara óformlegu samskipta sem kennarar eiga almennt þegar þeir sinna starfi sínu í staðkennsluformi (Guðrún Ragnarsdóttir og Súsanna Margrét Gestsdóttir, 2022). Breytt samskiptaform getur hugsanlega þýtt aukið álag.

Starfstengd streita er oft talsverð hjá starfsstéttum eins og til að mynda kennurum sem eru í miklum mannlegum samskiptum (Montgomery og Rupp, 2005). Niðurstöður rannsókna benda til þess að kennarar upplifi mikla starfstengda streitu og vinnuálag (Antoniou o.fl., 2013; Klassen o.fl., 2010). Rannsóknir meðal íslenskra framhaldsskólakennara sýna hvernig margvíslegar breytingar haldast í hendur við aukna streitu meðal kennara. Þannig fundu 35% þeirra fyrir starfstengdri streitu árið 2006 en hún jókst eftir efnahagshrunið 2008. Hátt í helmingi íslenskra framhaldsskólakennara fannst kennarastarfið andlega erfitt á þessu tímabili (Guðrún Ragnarsdóttir o.fl., 2010; Ómar H. Kristmundsson, 2007). Árið 2010 fundu 43% kennara fyrir streitu í starfi og var hlutfallið komið

upp í 59% árið 2012. Hlutfall þeirra sem fannst vinnuálag ójafnt og verkefni hlaðast upp hækkaði einnig á þessu tímabili, úr 44% í 54%. Kann gildistaka nýrrar námskrár á tímabilinu að hafa átt hlut að máli (Guðrún Ragnarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2014).

Íslenskir fræðimenn hafa bent á að starf framhaldsskólakennara verði sífellt flóknara, svo sem vegna álags sem fylgir auknum fundahöldum og skrifræði ásamt samráði af ýmsum toga. Einnig hafa kennarar bent á að kröfur um fjölbreyttari kennsluáðferðir, aukna upplýsingatækni og meiri breidd í nemendahópum auki álag (Árný Helga Reynisdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2013; Elsa Eiríksdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2016). Nýlegar rannsóknir á erlendum vettvangi á áhrifum COVID-19-farsóttarinnar hafa sýnt aukið álag á bæði kennara og stjórnendur (Huber og Helm, 2020; Parte og Herrador-Alcaide, 2021; Pressley, 2021; Sokal o.fl., 2020) og eigi það sama við hér á landi er það mikið áhyggjuefni því staðan var ekki góð fyrir eins og fram hefur komið.

Þekkt er að óhóflugar starfskröfur og starfstengd streita geti dregið úr starfsánægju, leitt til kulnunar í starfi og aukið líkur á flótta úr kennarastéttinni (Antoniou o.fl., 2013; Doble og Santha, 2008; Evans, 2001; Houtman og Jettinghoff, 2007; Ingersoll, 2002). Rannsókn á íslenskum grunnskólakennurum sýnir aukið álag og aukin einkenni kulnunar í faraldrinum (Hjördís Sigursteinsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2022) og hugsanlegur flótti kennara úr starfi í kjölfar heimsfaraldurs er áhyggjuefni (Pressley, 2021; Sokal o.fl., 2020). Því er mikilvægt að kanna stöðu meðal íslenskra framhaldsskólakennara þannig að hlúa megi sem best að þeim og draga úr líkum á kulnun og brott-hvarfi úr stéttinni.

## Stuðningur og samskipti

Ánægja kennara í starfi helst gjarnan í hendur við ánægju þeirra með störf skólastjórnenda (Guðrún Ragnarsdóttir o.fl., 2010) og stuðning þeirra við kennara (Bracket o.fl., 2010). Að auki sýna rannsóknir Sifjar Einarsdóttur og féлага (2019) að stuðningur innan skóla hafi verndandi áhrif gegn kulnun grunnskólakennara. Þrjár af hverjum fjórum íslenskum framhaldsskólakennurum voru ánægðir með þær línur sem skólastjórnendur lögðu strax í upphafi faraldursins (Súsanna Margrét Gestsdóttir o.fl., 2020). Kennarar voru almennt hlynntir lokun skólahúsnæðis í faraldrinum og tóku upp fjarkennslu þó það væri sumum þeirra þvert um geð, ýmist vegna þess að þeir höfðu meiri ánægju af staðkennslu eða þeim fannst draga úr gæðum kennslunnar við þessar breytingar (sjá t.d. Guðrún Ragnarsdóttir og Súsanna Margrét Gestsdóttir, 2022; Sokal o.fl., 2020). Kennarar þörfuðust þó margþætts stuðnings til að takast á við breytingar á kennarastarfinu sem fylgdu yfirfærslunni, ekki aðeins tæknilegs heldur einnig kennslufræðilegs og félagslegs stuðnings (Kraft o.fl., 2021). Margar rannsóknir staðfesta að kennarar gripu til fjölbreyttari leiða við kennslu en þeim fannst þeir engu að síður einir og óöruggir í þessum nýju aðstæðum (sjá t.d. Lauret og Bayram-Jacobs, 2021; Sandvik o.fl., 2020).

Íslenskir framhaldsskólakennarar þurftu að breyta miklu í kennslunni og áttu erfitt með að færa þá starfshætti sem þeir almennt beittu í staðkennslu yfir í neyðarfjarkennslu. Mörgum þeirra fannst þeir ekki fá fullnægjandi stuðning en upplifun kennara var misjöfn eftir stærð skóla og fyrri reynslu af fjarkennslu. Kennurum í litlum skólum reyndist verkefnið auðveldara en þeim sem störfuðu í stærri skólum. Þeim í litlu skólunum fannst þeir hafa meira frelsi til að skipuleggja starfið á sínum forsendum á meðan kennurum stóru skólanna var frekar gert að fylgja samhæfðri línu sem stjórnendur skólanna lögðu. Hér er þó rétt að hafa í huga að meiri reynsla var af fjarkennslu í minni skólum en þeim stærri og gæti það skýrt þennan mun á milli kennarahópa (Súsanna Margrét Gestsdóttir o.fl., 2020). Forvitnilegt væri að greina nánar hvernig stuðningur við kennara þróaðist á tímabilinu en Guðrún Ragnarsdóttir og Jón Torfi Jónasson (í prentun) sýna fram á að skólastjórnendum óx ásmegin eftir því sem leið á faraldurinn og þeir veittu fjölbreyttari stuðning. Þeir stigu þó varlega til jarðar þegar kom að kennslufræðilegri forystu þar sem þeir vildu virða kennslufræðilegt sjálfræði kennara og ekki ráðskast með fagmennsku þeirra. Nauðsynlegt er að skoða sýn kennara á þennan stuðning skólastjórnenda. Í faraldrinum sóttu kennarar formlega fundi og sinntu kennsluundirbúningi með öðrum kennurum í gegnum fjarfundabúnað. Meðal sumra kennara styrktist faglegt samstarf á þessum tíma og jafningjastuðningur skipti miklu máli þegar tekist var á við breytingarnar (Guðrún Ragnarsdóttir

og Súsanna Margrét Gestsdóttir, 2022).

Nýjar kringumstæður í faraldrinum kölluðu einnig á annars konar samskipti við nemendur og forráðamenn þeirra. Á alþjóðavísu hefur verið lögð áhersla á góð samskipti skóla og heimila á þessum óvissutímum til að draga úr misskilningi og óöryggi (UNICEF, 2020). Rétt eins og dró úr óformlegum samskiptum samstarfsfólks í skólahúsnæði á vinnutíma (Harris og Jones, 2020) áttu kennarar þess nú ekki lengur kost að vera í tengslum við nemendur sína í kennslustofunni. Sýnt hefur verið fram á að framhaldsskólakennarar og skólastjórnendur lögðu mikið á sig til að vera í samskiptum við nemendur í faraldrinum. Þeir söknuðu þess að stunda ekki störf sín í skólahúsnæði og kennarar lögðu kennslu sína að breyttum þörfum nemenda í samkomubanni (Guðrún Ragnarsdóttir og Jón Torfi Jónasson, í prentun; Guðrún Ragnarsdóttir og Súsanna Margrét Gestsdóttir, 2022). Rannsóknir á erlendum og innlendum vettvangi hafa sýnt að samskipti skólastjórnenda við nemendur og foreldra jukust í faraldrinum (Argyropoulou o.fl., 2021; Guðrún Ragnarsdóttir og Jón Torfi Jónasson, í prentun) og gera má ráð fyrir að það sama eigi við um kennara. Breyttar aðstæður kölluðu á annars konar samskipti við foreldra, kennarar þreifðu sig áfram við lausnir og prófuðu ýmsar leiðir (Khanal o.fl., 2021). Nýleg rannsókn meðal bandarískra grunnskólakennara hefur sýnt að kvíði sem tengist samskiptum við foreldra er einn þeirra þátta sem hefur forspárgildi um kulnun í starfi í kjölfar heimsfaraldurs (Pressley, 2021) og hafi þessar breyttu aðstæður í foreldrasamskiptum enn aukið álag þá er það áhyggjuefni.

Í þessari rannsókn er leitað svara við eftirfarandi spurningu sem byggir á fyrrgreindri umfjöllun í fræðilegu baksviði rannsóknarinnar: Hvernig upplifðu framhaldsskólakennarar starfsumhverfi sitt á fyrsta ári heimsfaraldurs? Nánar tiltekið er reynt að varpa ljósi á upplifun þeirra af aðstæðum, skyldum og álagi, samvinnu innan skólans, stuðningi við kennara og samskiptum við nemendur og heimili. Lögð verður áhersla á að skoða viðhorf þátttakenda eftir kyni og stærð skóla, sem eru þættir sem fyrri rannsóknir sýna að höfðu áhrif.

## Aðferð

Til að skilja starfsumhverfi kennara var unnið úr tveimur gagnasöfnum sem Menntavísindastofnun Háskóla Íslands safnaði undir heitinu *Framhaldsskólinn á tímum COVID-19*. Ítarlegur rafrænn spurningalisti var lagður fyrir starfsmenn í framhaldsskólum á vormisseri 2020 og styttri útgáfa hans aftur um haustið. Hér er einungis unnið með valdar spurningar úr gagnasöfnunum.

## Þátttakendur

Alls voru það 680 framhaldsskólakennarar sem svöruðu fyrri spurningalistanum og sinntu kennslu á vormisseri, en 578 þeirra sem svöruðu á haustmisseri 2020 sinntu kennslu. Ekki er gerður greinarmunur á kennurum með kennsluréttindi og leiðbeinendum. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um fjölda framhaldsskólakennara er sinna kennslu en á vormisseri voru þátttakendur um 42% félagsmanna í Félagi framhaldsskólakennara, en 33% um haustið. *Tafla 1* gefur yfirlit um kyn og aldur. Samsetning þátttakendahópsins vorið 2020 endurspeglar vel dreifingu eftir kyni og aldri meðal framhaldsskólakennara almennt (Súsanna Margrét Gestsdóttir o.fl., 2020) og tók svipaður hópur þátt um haustið.



**Tafla 1.** Kyn, aldur og menntun þátttakenda sem sinntu kennslu í framhaldsskólum um vorið ( $N = 680$ ) og haustið 2020 ( $N = 578$ ).

		Vor 2020		Haust 2020	
		Fjöldi	%	Fjöldi	%
Kyn	Karl	249	36,6	224	38,8
	Kona	428	62,9	349	60,4
	Annað eða svarar ekki	3	0,4	5	0,9
Aldur	Yngri en 30 ára	20	2,9	14	2,4
	30–39	110	16,2	104	18,0
	40–49	180	26,5	176	30,4
	50–59	209	30,8	156	27,0
	60 ára eða eldri	160	23,6	127	22,0
	Svarar ekki	1	0,1	1	0,2

Af þátttakendum um vorið hafði fjórðungur unnið í framhaldsskóla í fimm ár eða skemur en um fjórðungur hafði yfir 20 ára starfsreynslu. Af þátttakendum um haustið hafði einnig fjórðungur þátttakenda unnið í fimm ár eða skemur en um 23% höfðu unnið í 20 ár eða lengur við kennslu.

Kennarar sem svöruðu um vorið störfuðu í 33 skólum af þeim 34 sem spurningalistinn var sendur til og störfuðu 60% þeirra á höfuðborgarsvæðinu en 40% á landsbyggðinni. Skipting um haustið liggur ekki fyrir.

Í greiningu voru svör þátttakenda meðal annars skoðuð eftir stærð skóla. Upplýsingar um stærð skóla voru fengnar frá Menntavísindastofnun Háskóla Íslands sem sá um framkvæmd rannsóknarinnar. Flestir þátttakendur voru í stærstu skólunum sjö þar sem nemendafjöldi var yfir 1.000, en færstir í minnstu skólunum þar sem nemendafjöldi var undir 500 (sjá *Töflu 2*).

**Tafla 2.** Fjöldi þátttakenda eftir stærð skóla sem þeir störfuðu við um haustið ( $N = 680$ ) og vorið ( $N = 578$ ).

	Vor 2020		Haust 2020	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Stærð skóla				
500 eða færri nemendur	135	19,9	98	17,0
501–1.000 nemendur	258	37,9	215	37,2
Fleiri en 1.000 nemendur	287	42,2	259	44,8
Vantar upplýsingar			6	1,0
Engin börn á heimilinu	286	43	-	-
Börn á heimili	380	57	-	-

Einnig voru einstaka spurningar sem lagðar voru fyrir á vorönn greindar með tilliti til fjölda barna á heimili þátttakenda (sjá *Töflu 2*), en rúmlega helmingur þátttakenda um vorið (57%) var með börn á heimilinu.

## Mælitæki

Spurningalisti sem lagður var fyrir var saminn af hópi fræðimanna sem starfa við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og byggðust spurningarnar bæði á fyrri rannsóknum og reynslu rannsakenda af framhaldsskólakennslu. Í þessari grein er áhersla lögð á spurningar sem sneru að starfsumhverfi framhaldsskólakennara á tímum COVID-19.

Fleiri spurningar voru lagðar fyrir um vorið en haustið 2020. Því er lögð áhersla á að greina starfsumhverfi um vorið 2020, þegar samkomubann var fyrst sett á vegna COVID-19 og tilskipun kom frá sóttvarnaryfirvöldum um lokun framhaldsskóla. Um haustið voru einhverjar af þeim spurningum sem hér eru til umfjöllunar endurtekna, en þá gjarnan út frá samanburði við vorið 2020. Til dæmis var spurt um vorið: „Þóttu þér starfsskyldur þínar skýrar eða óskýrar á meðan lokað var vegna samkomubanns?“ Um haustið var svo spurt: „Í samanburði við vorönn 2020, þóttu þér starfsskyldur þínar skýrari eða óskýrari vegna sóttvarnaaðgerða á haustönn?“

## Framkvæmd

Spurningalistinn var tvisvar lagður fyrir starfsfólk allra framhaldsskóla á Íslandi, utan fjögurra sérskóla þar sem ekki var hægt að nálgast netföng starfsfólks af heimasíðu. Svarendur voru starfsfólk 34 framhaldsskóla sem kom með einhverjum hætti að námi, kennslu og skipulagi skólastarfsins. Tölvupóstföngum þátttakenda var safnað af starfsmannalistum á heimasíðum skólanna og Menntavísindastofnun Háskóla Íslands sá um gagnasöfnun.

Hinn 19. maí vorið 2020 var spurningalistinn sendur í tölvupósti, og ítrekun var send fimm sinnum þar til lokað var fyrir þátttöku 14. júlí 2020. Um haustið var spurningalistinn sendur út 11. desember og í framhaldi sendar fjórar ítrekanir þar til könnuninni var lokað 27. janúar 2021.

Kynningarbréf fylgdi spurningalistunum þar sem fram komu upplýsingar um að ekki væri skylda að svara og að þátttakendur gætu hætt þátttöku hvenær sem væri. Þá var þátttakendum gerð grein fyrir hvernig farið yrði með upplýsingar og persónuvernd tryggð. Gögnin voru afhent rannsakendum án persónugreinanlegra einkenna, til dæmis voru hvorki tölvupóstföng né nöfn skóla í gagnagrunninum (sjá einnig Súsanna Margrét Gestsdóttir o.fl., 2020).

Flestir svarmöguleikar byggðust á fimm punkta radkvarða en við greiningu voru tveir efstu svarskostirnir og tveir neðstu sameinaðir til að einfalda framsetningu niðurstaðna. Sem dæmi var mjög og frekar sammála fellt saman, en valkosturinn hvorki sammála né ósammála hélt óbreyttur.

Úrvinnsla fór fram með SPSS og var reiknuð lýsandi tölfræði. Z-próf með margföldum samanburði með Bonferroni-leiðréttingu var notað til að athuga hvort marktækur munur væri á hlutföllum. Bókstafamerkingar eru notaðar til að gefa til kynna hvort munur á hlutföllum í töflum er tölfræðilega marktækur ( $p < 0,05$ ). Til dæmis er hlutfall merkt með a marktækt ólíkt hlutfalli sem er merkt með b en ekki hlutfalli sem merkt er með a,b þar sem bókstafurinn a kemur fyrir í báðum merkingum.

## Niðurstöður

Niðurstöðurnar um starfsumhverfi eins og það er skilgreint í þessari grein eru settar fram í töflum og fjallað er um þær í fimm undirkjöflum: (1) vinnuaðstaða og næði, (2) starfsskyldur og álag, (3) fundir og samvinna innan skóla, (4) stuðningur við kennara og (5) samskipti við nemendur og heimili.

### Vinnuaðstaða og næði

Þegar skólum var lokað vegna samkomubanns vorið 2020 sinntu um 67% þátttakenda vinnu sinni alfarið annars staðar en í skólabyggingu og 22% til viðbótar sinntu vinnu að meirihluta annars staðar (sjá *Töflu 3*). Haustið 2020 voru fleiri sem sinntu vinnu í skólunum, enda voru þeir ekki lokaðir með sama hætti og um vorið. Þó sinntu enn tæplega tveir þriðju (62%) vinnu alfarið eða að meirihluta annars staðar en í skólabyggingu. Bæði vor og haust 2020 voru konur líklegri en karlar til að sinna vinnu sinni alfarið eða meirihluta tímans utan skólabyggingar. Um vorið átti það við 93% kvenna en 81% karla og um haustið 71% kvenna en 49% karla. Hvorki um vorið né haustið var munur eftir stærð skóla.

**Tafla 3.** Svör kennara við staðhæfingum um vinnuáðstöðu og næði eftir kyni og stærð skóla.

	Fjöldi nemenda í skólanum			Kyn		Allir
	< 500 %	501–1.000 %	>1.000 %	Kona %	Karl %	%
Vor: Hvar sinntir þú vinnu þinni á meðan skólinn var lokaður vegna samkomubanns? ( <i>N</i> = 680)						
Alfarið/eða að meirihluta annars staðar en í skólabyggingu	90 <sup>a</sup>	90 <sup>a</sup>	87 <sup>a</sup>	93 <sup>a</sup>	81 <sup>b</sup>	89
Álíka mikið í skólabyggingu og annars staðar	4 <sup>a</sup>	5 <sup>a</sup>	5 <sup>a</sup>	3 <sup>a</sup>	8 <sup>b</sup>	5
Meirihluta vinnu eða alfarið í skólabyggingu	7 <sup>a</sup>	5 <sup>a</sup>	8 <sup>a</sup>	3 <sup>a</sup>	12 <sup>b</sup>	6
Haust: Hvar hefur þú sinnt vinnu þinni á haustönn? ( <i>N</i> = 577)						
Alfarið/eða að meirihluta annars staðar en í skólabyggingu	60 <sup>a</sup>	68 <sup>a</sup>	58 <sup>a</sup>	71 <sup>a</sup>	49 <sup>b</sup>	62
Álíka mikið í skólabyggingu og annars staðar	14 <sup>a</sup>	14 <sup>a</sup>	16 <sup>a</sup>	12 <sup>a</sup>	19 <sup>b</sup>	15
Meirihluta vinnu eða alfarið í skólabyggingu	26 <sup>a</sup>	18 <sup>a</sup>	26 <sup>a</sup>	17 <sup>a</sup>	32 <sup>b</sup>	23
Vor: Hversu oft eða sjaldan fékkst þú það næði sem þú þurftir til að sinna vinnu þinni heima á meðan lokað var vegna samkomubanns? ( <i>N</i> = 680)						
Alltaf eða oftast	74 <sup>a</sup>	70 <sup>a</sup>	76 <sup>a</sup>	68 <sup>a</sup>	83 <sup>b</sup>	73
Stundum	12 <sup>a</sup>	21 <sup>a</sup>	15 <sup>a</sup>	20 <sup>a</sup>	10 <sup>b</sup>	17
Sjaldan eða aldrei	14 <sup>a</sup>	9 <sup>a</sup>	9 <sup>a</sup>	12 <sup>a</sup>	7 <sup>a</sup>	10

Ef bókstafir eru ekki þeir sömu þá er munur á hlutföllum þannig að hlutfall merkt með <sup>a</sup> er tölfræðilega marktækt ólíkt hlutfalli merktu með <sup>b</sup> en <sup>a, b</sup> er hvorki frábrugðið <sup>a</sup> né <sup>b</sup>. Fjöldi þátttakenda sem svara tiltekinni spurningu getur verið ólíkur þegar svar er skoðað annars vegar eftir stærð skóla og hins vegar kyni, en hér er gefinn upp sá fjöldi sem svara spurningunni almennt.

Vorið 2020 voru kennarar spurðir hvort þeir hefðu haft það næði sem þeir þurftu til að sinna vinnu sinni meðan skólarnir voru lokaðir og sögðust 73% hafa haft það alltaf eða oftast. Ekki var munur eftir stærð skóla, en konum fannst síður (68%) en körlum (83%) að þær hefðu alltaf eða oftast haft næði (sjá *Töflu 3*). Munur var eftir því hvort börn voru á heimilinu eða ekki, en 96% barnlausra fannst þeir alltaf eða oftast hafa haft næði til að vinna í samanburði við 57% þeirra sem voru með börn á heimilinu.

Þátttakendur með börn á heimilinu voru spurðir um vorið um tíma sem færi í umönnun og aðstoð við börnin á vinnudögum bæði fyrir og eftir samkomubann. Fyrir samkomubann sögðust tæp 8% nota sex klukkustundir eða meira á dag í aðstoð og umönnun barna en 32% eftir að samkomubann var sett á. Konur notuðu frekar sex klukkustundir eða meira á dag í umönnun og aðstoð við börn, eða 38% þeirra en 21% karla.

## Starfsskyldur og álag

Um þriðjungi kennara þóttu starfsskyldur sínar óskýrari vorið 2020 en áður. Þetta átti frekar við um kennara sem störfuðu í stórum framhaldsskólum en þeim minni (sjá *Töflu 4*). Um haustið þótti svo um þriðjungi kennara starfsskyldur sínar skýrari en um vorið og gildi það frekar um konur (41%) en karla (28%). Þannig virðast kennarar að einhverju leyti hafa náð tókum á breyttum aðstæðum, en þó ber að nefna að um 15% kennara töldu starfsskyldur vera óskýrari um haustið en vorið áður og átti það við um 18% karla en 11% kvenna.

Rúmur helmingur kennara sagði vinnuálag hafa dreifst ójafnar vorið 2020 þegar skólarnir voru lokaðir vegna samkomubanns. Þetta gildi frekar um konur (60%) en karla (46%) og kennara í



stærri og miðlungsstórum framhaldsskólum frekar en kennara í minnstu skólunum (sjá *Töflu 4*). Um haustið sögðu 23% kennara vinnuálag hafa dreifst ójafnar þá en um vorið og 29% sögðu það hafa dreifst jafnar. Ekki fannst kynjamunur um haustið, en skólastærð virtist skipta máli og virtust kennarar í stærri skólum frekar telja að álagið hefði dreifst jafnar um haustið en vorið.

**Tafla 4.** Svör kennara við staðhæfingum um starfsskyldur og álag eftir kyni og stærð skóla.

	Fjöldi nemenda í skólanum			Kyn		Allir
	< 500 %	501–1.000 %	>1.000 %	Kona %	Karl %	%
Vor: Þóttu þér starfsskyldur þínar skýrari eða óskýrari á meðan lokað var vegna samkomubanns? ( <i>N</i> = 680)						
Mun eða nokkuð skýrari	10 <sup>a</sup>	5 <sup>a</sup>	6 <sup>a</sup>	7 <sup>a</sup>	6 <sup>a</sup>	6
Hvorki skýrari né óskýrari	71 <sup>a</sup>	54 <sup>b</sup>	60 <sup>a</sup>	59 <sup>a</sup>	61 <sup>a</sup>	60
Nokkuð eða mun óskýrari	19 <sup>a</sup>	41 <sup>b</sup>	34 <sup>b</sup>	34 <sup>a</sup>	33 <sup>a</sup>	34
Haust: Í samanburði við vorönn 2020, þóttu þér starfsskyldur þínar skýrari eða óskýrari vegna sóttvarnaaðgerða á haustönn? ( <i>N</i> = 225)						
Mun eða nokkuð skýrari	30 <sup>a</sup>	37 <sup>a</sup>	35 <sup>a</sup>	41 <sup>a</sup>	28 <sup>b</sup>	35
Hvorki skýrari né óskýrari	61 <sup>a</sup>	49 <sup>a</sup>	48 <sup>a</sup>	48 <sup>a</sup>	54 <sup>a</sup>	50
Nokkuð eða mun óskýrari	9 <sup>a</sup>	15 <sup>a</sup>	17 <sup>a</sup>	11 <sup>a</sup>	18 <sup>b</sup>	15
Vor: Fannst þér vinnuálag þitt dreifast jafnar eða ójafnar á meðan lokað var vegna samkomubanns? ( <i>N</i> = 673)						
Nokkuð eða mun jafnar	21 <sup>a</sup>	18 <sup>a,b</sup>	12 <sup>b</sup>	14 <sup>a</sup>	20 <sup>a</sup>	16
Dreifðist álíka og áður	39 <sup>a</sup>	21 <sup>a</sup>	32 <sup>a</sup>	26 <sup>a</sup>	34 <sup>b</sup>	29
Nokkuð eða mun ójafnar	39 <sup>a</sup>	61 <sup>b</sup>	56 <sup>b</sup>	60 <sup>a</sup>	46 <sup>b</sup>	55
Haust: Í samanburði við vorönn 2020, fannst þér vinnuálag þitt dreifast jafnar eða ójafnar á haustönn? ( <i>N</i> = 497)						
Nokkuð eða mun jafnar	14 <sup>a</sup>	36 <sup>b</sup>	30 <sup>b</sup>	31 <sup>a</sup>	27 <sup>a</sup>	29
Dreifðist álíka og áður	67 <sup>a</sup>	44 <sup>b</sup>	44 <sup>b</sup>	47 <sup>a</sup>	50 <sup>a</sup>	48
Nokkuð eða mun ójafnar	19 <sup>a</sup>	21 <sup>a</sup>	26 <sup>a</sup>	22 <sup>a</sup>	24 <sup>a</sup>	23
Vor: Fannst þú fyrir meiri eða minni streitu í starfi á meðan skólinn var lokaður vegna samkomubanns?						
Mun eða nokkuð meiri streitu	49 <sup>a</sup>	69 <sup>b</sup>	67 <sup>b</sup>	70 <sup>a</sup>	54 <sup>b</sup>	64
Fann fyrir álíka mikilli streitu	36 <sup>a</sup>	18 <sup>b</sup>	20 <sup>b</sup>	17 <sup>a</sup>	33 <sup>b</sup>	22
Mun eða nokkuð minni streitu	16 <sup>a</sup>	13 <sup>a</sup>	13 <sup>a</sup>	14 <sup>a</sup>	13 <sup>a</sup>	14
Haust: Í samanburði við vorönn 2020, fannst þú fyrir meiri eða minni streitu í starfi á haustönn?						
Mun eða nokkuð meiri streitu	54 <sup>a</sup>	54 <sup>a</sup>	52 <sup>a</sup>	54 <sup>a</sup>	52 <sup>a</sup>	53
Fann fyrir álíka mikilli streitu	36 <sup>a</sup>	29 <sup>a</sup>	29 <sup>a</sup>	26 <sup>a</sup>	36 <sup>b</sup>	30
Mun eða nokkuð minni streitu	11 <sup>a</sup>	17 <sup>a</sup>	19 <sup>a</sup>	20 <sup>a</sup>	12 <sup>b</sup>	17

Vorið 2020 sögðust um tveir þriðju kennara hafa fundið fyrir meiri streitu í starfi meðan skólarnir voru lokaðir. Konur voru líklegri til að finna fyrir meiri streitu í starfi (70%) en karlar (54%) og sömuleiðis þeir sem voru með börn á heimilinu (68%) frekar en barnlausir (59%). Kennarar í stærri framhaldsskólum voru líklegri til að finna fyrir meiri streitu um vorið en kennarar í minnstu skólunum (sjá *Töflu 4*). Streitan virtist ekki hafa minnkað með tímanum og um haustið sögðust 53% kennara finna fyrir meiri streitu í starfi en um vorið og 30% álíka mikilli.

## Samvinna innan skóla

Meirihluti kennara (76%) sagði samvinnu með starfsfélögum hafa gengið vel vorið 2020 (sjá *Töflu 5*). Þetta hlutfall var hærra í minnstu skólunum (84%) en í stærstu skólunum (71%). Um haustið 2020 sagði enn meirihluti að samvinna með starfsfélögum hefði gengið vel (77%), en enginn munur var eftir skólastærð. Aftur á móti voru konur líklegri til að segja að samvinnan hefði hvorki gengið vel né illa (20%) en karlar (13%).

**Tafla 5.** Svör kennara við staðhæfingum um samvinnu innan skóla eftir kyni og stærð skóla.

	Fjöldi nemenda í skólanum			Kyn		Allir %
	< 500 %	501–1.000 %	>1.000 %	Kona %	Karl %	
Vor: Hversu vel eða illa gekk samvinna með starfsfélögum þínum á meðan skólinn var lokaður í samkomubanni? ( <i>N</i> = 675)						
Mjög eða frekar vel	84 <sup>a</sup>	77 <sup>a,b</sup>	71 <sup>b</sup>	77 <sup>a</sup>	73 <sup>a</sup>	76
Hvorki vel né illa	13 <sup>a</sup>	20 <sup>a,b</sup>	23 <sup>b</sup>	19 <sup>a</sup>	22 <sup>a</sup>	20
Mjög eða frekar illa	3 <sup>a</sup>	3 <sup>a</sup>	6 <sup>a</sup>	4 <sup>a</sup>	5 <sup>a</sup>	5
Haust: Hversu vel eða illa gekk samvinna með starfsfélögum á haustönn? ( <i>N</i> = 576)						
Mjög eða frekar vel	73 <sup>a</sup>	79 <sup>a</sup>	75 <sup>a</sup>	75 <sup>a</sup>	80 <sup>a</sup>	77
Hvorki vel né illa	20 <sup>a</sup>	14 <sup>a</sup>	20 <sup>a</sup>	20 <sup>a</sup>	13 <sup>b</sup>	18
Mjög eða frekar illa	6 <sup>a</sup>	7 <sup>a</sup>	4 <sup>a</sup>	5 <sup>a</sup>	6 <sup>a</sup>	5
Vor: Sóttir þú fundi með samstarfsfólki og/eða stjórnendum (fjarfundi eða í eigin persónu) á meðan skólinn var lokaður vegna samkomubanns? ( <i>N</i> = 679)						
Já	99 <sup>a</sup>	96 <sup>a</sup>	94 <sup>a</sup>	97 <sup>a</sup>	95 <sup>a</sup>	96
Vor: Voru fundir með stjórnendum skólans tíðari eða fátíðari á meðan lokað var vegna samkomubanns? ( <i>N</i> = 653)						
Þeir voru tíðari	43 <sup>a</sup>	35 <sup>a</sup>	33 <sup>a</sup>	38 <sup>a</sup>	32 <sup>a</sup>	36
Þeir voru hvorki tíðari né fátíðari	47 <sup>a</sup>	46 <sup>a</sup>	30 <sup>b</sup>	39 <sup>a</sup>	39 <sup>a</sup>	40
Þeir voru fátíðari	10 <sup>a</sup>	19 <sup>a</sup>	37 <sup>b</sup>	23 <sup>a</sup>	28 <sup>a</sup>	25
Vor: Voru fundir með öðru samstarfsfólki en stjórnendum tíðari eða fátíðari á meðan lokað var vegna samkomubanns? ( <i>N</i> = 647)						
Þeir voru tíðari	31 <sup>a</sup>	35 <sup>a</sup>	34 <sup>a</sup>	35 <sup>a</sup>	31 <sup>a</sup>	34
Þeir voru hvorki tíðari né fátíðari	50 <sup>a</sup>	43 <sup>a</sup>	39 <sup>a</sup>	42 <sup>a</sup>	44 <sup>a</sup>	43
Þeir voru fátíðari	19 <sup>a</sup>	23 <sup>a</sup>	27 <sup>a</sup>	23 <sup>a</sup>	25 <sup>a</sup>	24
Vor: Þóttu þér fundasetur á meðan lokað var vegna samkomubanns óvenjulega léttar eða íþyngjandi? ( <i>N</i> = 649)						
Þær voru óvenjulega léttar	25 <sup>a</sup>	27 <sup>a</sup>	30 <sup>a</sup>	30 <sup>a</sup>	25 <sup>a</sup>	28
Þær voru eins og fyrir samkomubann	66 <sup>a</sup>	60 <sup>a</sup>	57 <sup>a</sup>	56 <sup>a</sup>	67 <sup>b</sup>	60
Þær voru óvenjulega íþyngjandi	10 <sup>a</sup>	13 <sup>a</sup>	13 <sup>a</sup>	15 <sup>a</sup>	8 <sup>b</sup>	12

Nánast allir kennarar (96%) sóttu fundi með samstarfsfólki og/eða stjórnendum meðan skólar voru lokaðir um vorið (sjá *Töflu 5*). Þegar kennarar voru spurðir hvort fundir með stjórnendum eða samstarfsfólki hefðu verið tíðari eða fátíðari vorið 2020 en áður sagði þriðjungur þá hafa verið tíðari og fjórðungur fátíðari. Fundir með stjórnendum virðast hafa orðið fátíðari en áður í stærstu framhaldsskólunum; það sögðu 37% þátttakenda en 10% sögðu þá hafa verið fátíðari en áður í minnstu skólunum.

Kennarar voru í framhaldi spurðir hvort þeim hefði þótt fundasetur létt eða íþyngjandi um vorið á meðan samkomubannið stóð og sögðu 28% fundasetur hafa verið óvenju léttar en 12% sögðu þær hafa verið óvenju íþyngjandi. Konum þóttu fundasetur frekar íþyngjandi (15%) en körlum (8%), en ekki var munur eftir stærð skóla.

## Stuðningur við kennara

Stuðningur við kennara var skoðaður út frá þremur þáttum; tæknilegum, kennslufræðilegum og félagslegum stuðningi. Almennt þótti kennurum tæknilegur stuðningur við starfsfólk hafa verið góður (72%) vorið 2020 (sjá *Töflu 6*). Um haustið töldu 40% tæknilegan stuðning við starfsfólk hafa verið betri þá en um vorið en 5% þótti hann verri en áður. Kennarar í minnstu skólunum voru frekar ánægðir með tæknilegan stuðning (82%) en kennarar í stærstu skólunum (68%). Vorið 2020 taldi innan við fimmtungur (18%) sig hafa fengið mjög eða frekar mikinn kennslufræðilegan stuðning, en ekki var munur eftir kyni. Aftur á móti voru kennarar í stærri skólum (með yfir 500 nemendur) frekar á þeirri skoðun að þeir hefðu fengið lítinn kennslufræðilegan stuðning (45%) en kennarar í minnstu skólunum (29%). Almennt töldu kennarar kennslufræðilegan stuðning um haustið ekki hafa breyst frá því um vorið og þar var ekki munur eftir skólastærð eða kyni.

**Tafla 6.** Svör kennara við staðhæfingum um stuðning við kennara eftir kyni og stærð skóla.

	Fjöldi nemenda í skólanum			Kyn		Allir
	< 500 %	501–1.000 %	> 1.000 %	Kona %	Karl %	%
Vor: Á meðan lokað var vegna samkomubanns, hver var reynsla þín af tæknilegum stuðningi við starfsfólk? ( <i>N</i> = 678)						
Mjög eða nokkuð góð	82 <sup>a</sup>	72 <sup>a, b</sup>	68 <sup>b</sup>	73 <sup>a</sup>	72 <sup>a</sup>	72
Hvorki góð né slæm	15 <sup>a</sup>	21 <sup>a, b</sup>	27 <sup>b</sup>	22 <sup>a</sup>	22 <sup>a</sup>	22
Mjög eða frekar slæm	3 <sup>a</sup>	3 <sup>a</sup>	6 <sup>a</sup>	5 <sup>a</sup>	6 <sup>a</sup>	6
Haust: Í samanburði við vorönn 2020, hver var reynsla þín af tæknilegum stuðningi við starfsfólk á haustönn? ( <i>N</i> = 506)						
Mjög eða miklu betri	24 <sup>a</sup>	50 <sup>b</sup>	36 <sup>a</sup>	44 <sup>a</sup>	33 <sup>a</sup>	40
Hvorki betri né verri	72 <sup>a</sup>	45 <sup>b</sup>	58 <sup>a</sup>	51 <sup>a</sup>	62 <sup>b</sup>	55
Mjög eða miklu verri	3 <sup>a</sup>	5 <sup>a</sup>	6 <sup>a</sup>	5 <sup>a</sup>	5 <sup>a</sup>	5
Vor: Fékkst þú lítinn eða mikinn kennslufræðilegan stuðning þegar kennslan var flutt yfir í fjarnám þegar skólinn var lokaður í samkomubanni? ( <i>N</i> = 668)						
Mjög eða frekar mikinn	25 <sup>a</sup>	18 <sup>a</sup>	15 <sup>a</sup>	18 <sup>a</sup>	18 <sup>a</sup>	18
Hvorki mikinn né lítinn	47 <sup>a</sup>	37 <sup>a</sup>	40 <sup>a</sup>	40 <sup>a</sup>	40 <sup>a</sup>	40
Mjög eða frekar lítinn	29 <sup>a</sup>	45 <sup>b</sup>	45 <sup>b</sup>	42 <sup>a</sup>	41 <sup>a</sup>	42
Haust: Í samanburði við vorönn 2020, fékkst þú meiri eða minni kennslufræðilegan stuðning þegar kennslan var flutt yfir í fjarnám á haustönn? ( <i>N</i> = 440)						
Miklu eða frekar meiri	22 <sup>a</sup>	19 <sup>a</sup>	12 <sup>a</sup>	16 <sup>a</sup>	18 <sup>a</sup>	17
Hvorki meiri né minni	69 <sup>a</sup>	68 <sup>a</sup>	72 <sup>a</sup>	74 <sup>a</sup>	70 <sup>a</sup>	72
Miklu eða frekar minni	8 <sup>a</sup>	13 <sup>a</sup>	12 <sup>a</sup>	11 <sup>a</sup>	12 <sup>a</sup>	12
Vor: Á meðan lokað var vegna samkomubanns, hver var reynsla þín af félagslegum stuðningi við starfsfólk? ( <i>N</i> = 671)						
Mjög eða nokkuð góð	64 <sup>a</sup>	48 <sup>b</sup>	50 <sup>b</sup>	54 <sup>a</sup>	49 <sup>a</sup>	52
Hvorki góð né slæm	30 <sup>a</sup>	35 <sup>a</sup>	38 <sup>a</sup>	31 <sup>a</sup>	41 <sup>b</sup>	35
Mjög eða frekar slæm	6 <sup>a</sup>	18 <sup>b</sup>	12 <sup>a, b</sup>	15 <sup>a</sup>	10 <sup>a</sup>	13
Haust: Í samanburði við vorönn 2020, hver var reynsla þín af félagslegum stuðningi við starfsfólk á haustönn? ( <i>N</i> = 491)						
Mjög eða miklu betri	31 <sup>a</sup>	25 <sup>a</sup>	21 <sup>a</sup>	26 <sup>a</sup>	21 <sup>a</sup>	24
Hvorki betri né verri	54 <sup>a</sup>	55 <sup>a</sup>	63 <sup>a</sup>	55 <sup>a</sup>	64 <sup>a</sup>	59
Mjög eða miklu verri	15 <sup>a</sup>	20 <sup>a</sup>	16 <sup>a</sup>	18 <sup>a</sup>	15 <sup>a</sup>	17

Um helmingi þátttakenda (52%) þótti félagslegur stuðningur við starfsfólk vera mjög eða nokkuð góður um vorið og tæpum fjórðungi (24%) fannst hann mjög eða miklu betri um haustið en um vorið (Tafla 6). Kennarar í minnstu skólunum töldu frekar en kennarar í stærri skólum að félagslegur stuðningur hefði verið mjög eða nokkuð góður vorið 2020.

## Samskipti við nemendur og heimili

Kennarar voru spurðir hvort þeir hefðu haft meiri eða minni samskipti við foreldra eða forráðamenn en áður meðan skólar voru lokaðir vegna samkomubanns vorið 2020. Um fjórðungur (26%) sagði samskiptin hafa verið meiri og gildi það frekar um konur (30%) en karla (19%) og kennara í miðlungsstórum skólum frekar en í þeim minnstu (sjá *Töflu 7*). Um haustið voru kennarar spurðir hvort samskipti við foreldra eða forráðamenn væru meiri eða minni en um vorið og sögðu 25% þau hafa verið meiri en 68% álíka mikil og virðast þau því ekki hafa minnkað þrátt fyrir að nemendur væru meira í skólanum. Kennarar í stærstu skólunum sögðust frekar hafa aukið samskiptin (32%) en kennarar í minnstu skólunum (15%).

**Tafla 7.** Svör kennara við staðhæfingum um samskipti við nemendur og heimili eftir kyni og stærð skóla.

	Fjöldi nemenda í skólanum			Kyn		Allir
	< 500 %	501–1.000 %	> 1.000 %	Kona %	Karl %	%
Vor: Á meðan lokað var vegna samkomubanns, hafðir þú meiri eða minni samskipti við foreldra/forráðamenn nemenda en áður? ( <i>N</i> = 661)						
Mun eða nokkuð meiri	19 <sup>a</sup>	31 <sup>b</sup>	24 <sup>a, b</sup>	30 <sup>a</sup>	19 <sup>b</sup>	26
Álíka mikil	74 <sup>a</sup>	64 <sup>a</sup>	70 <sup>a</sup>	65 <sup>a</sup>	74 <sup>b</sup>	68
Mun eða nokkuð minni	7 <sup>a</sup>	4 <sup>a</sup>	6 <sup>a</sup>	5 <sup>a</sup>	7 <sup>a</sup>	6
Haust: Í samanburði við vorönn 2020, hafðir þú meiri eða minni samskipti við foreldra/forráðamenn nemenda á haustönn? ( <i>N</i> = 581)						
Mun eða nokkuð meiri	15 <sup>a</sup>	22 <sup>a, b</sup>	32 <sup>b</sup>	26 <sup>a</sup>	22 <sup>a</sup>	25
Álíka mikil	79 <sup>a</sup>	67 <sup>a, b</sup>	63 <sup>b</sup>	67 <sup>a</sup>	68 <sup>a</sup>	68
Mun eða nokkuð minni	6 <sup>a</sup>	11 <sup>a</sup>	5	6 <sup>a</sup>	10 <sup>a</sup>	8
Vor: Á meðan lokað var vegna samkomubanns, hafðir þú meiri eða minni samskipti við nemendur en áður? ( <i>N</i> = 673)						
Mun eða nokkuð meiri	43 <sup>a</sup>	44 <sup>a</sup>	41 <sup>a</sup>	45 <sup>a</sup>	39 <sup>a</sup>	43
Álíka mikil	36 <sup>a</sup>	22 <sup>a</sup>	25 <sup>a, b</sup>	25 <sup>a</sup>	28 <sup>a</sup>	26
Mun eða nokkuð minni	21 <sup>a</sup>	34 <sup>b</sup>	34 <sup>b</sup>	30 <sup>a</sup>	33 <sup>a</sup>	31
Haust: Í samanburði við vorönn 2020, hafðir þú meiri eða minni samskipti við nemendur á haustönn? ( <i>N</i> = 506).						
Mun eða nokkuð meiri	53 <sup>a</sup>	58 <sup>a</sup>	58 <sup>a</sup>	56 <sup>a</sup>	58 <sup>a</sup>	57
Álíka mikil	40 <sup>a</sup>	35 <sup>a</sup>	31 <sup>a</sup>	37 <sup>a</sup>	31 <sup>a</sup>	34
Mun eða nokkuð minni	7 <sup>a</sup>	8 <sup>a</sup>	11 <sup>a</sup>	7 <sup>a</sup>	11 <sup>a</sup>	9

Tæplega helmingur (43%) sagðist hafa átt í meiri samskiptum við nemendur um vorið 2020 en áður, en 31% sagði þau hafa verið minni (sjá *Töflu 7*). Færri kennarar í minnstu skólunum sögðu samskiptin hafa verið mun eða nokkuð minni, eða 21%, en 34% kennara í stærri skólum. Um haustið sögðust 57% hafa átt í meiri samskiptum við nemendur en um vorið og 34% sögðu þau álíka mikil. Mat þátttakenda er því að samskipti við nemendur hafi í heildina aukist eftir því sem leið á faraldurinn.

## Umræður

Markmið þessarar rannsóknar var að varpa ljósi á starfsumhverfi framhaldsskólakennara við síbreytilegar aðstæður árið 2020. Sérstök áhersla var lögð á starfsaðstæður þeirra, starfsskyldur og álag en einnig samskipti kennara við nemendur, foreldra og samstarfsfólk.

### Heimilið sem vinnustaður – starfsaðstæður í heimsfaraldri

Á heildina litið reyndist faraldurinn mikil áskorun fyrir framhaldsskólakennara þar sem þeir þurftu að bregðast hratt við í samræmi við breytileg sóttvarnariðmið og takast á við nýjar starfsaðstæður þegar skólum var lokað eða takmarkanir settar á opnun þeirra. Eins og hjá fjölmörgum öðrum starfsstéttum urðu skil einkalífs og vinnu óljósari því margir unnu heima, einkum á fyrstu mánuðum faraldursins. Um tveir þriðju framhaldsskólakennara sinntu vinnu sinni alfarið annars staðar en í skólabyggingu á vorönn en hlutfallið var lægra um haustið, enda voru skólabyggingar frekar opnar á því tímabili (Guðlaug M. Pálsdóttir, 2022). Karlar mættu frekar en konur til vinnu í skólunum, hugsanlega vegna þess að hlutfallslega fleiri karlar sinna kennslu í starfsnámi en konur (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2018) en starfsnámi var haldið gangandi í skólabyggingum þegar leið á faraldurinn meðan bóknámsnemendur stunduðu fjarnám (Guðlaug M. Pálsdóttir, 2022). Einnig má velta fyrir sér hvort konur hafi frekar verið bundnar heima, en vísbendingar eru um að þær hafi í meiri mæli en karlar tekið á sig aukin verkefni heima fyrir (Andrea Hjálmsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir, 2020; Guðlaug M. Pálsdóttir, 2022).

Kvenkennarar í rannsókn okkar sinntu frekar umönnun barna en karlkennarar, vörðu til þess lengri tíma og sögðust síður en karlarnir hafa haft næði heima til að sinna vinnu sinni. Þetta samræmist niðurstöðum annarra rannsókna um ólíka stöðu kynjanna í faraldrinum og að það hafi frekar komið niður á konum en körlum þegar störf færðust inn á heimili (Graham o.fl., 2021). Andrea Hjálmsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir (2020) sýndu meðal annars fram á álag og flókin verkefni kvenna á tímabilinu og Guðlaug M. Pálsdóttir (2022) komst að því að hlutfallslega fleiri framhaldsskólakennarar sögðu að mæður hefðu frekar en fedur aðstoðað þá við heimanám í faraldrinum. Hér eru því fjölmargar vísbendingar um að í kreppuástandi axli konur fremur ábyrgð á því sem fram fer á heimilinu en karlar, einnig skólagöngu barnanna þegar svo ber undir.

### Starfsskyldur og álag

Einum af hverjum þremur framhaldsskólakennurum þóttu starfsskyldur sínar óskýrari vorið 2020 eftir að skólum var lokað. Starfstengd streita jókst eftir því sem leið á árið þegar skólastarf tók á sig síbreytilega mynd samfara breyttum sóttvarnareglum og ekki þarf að draga í efa að miklar breytingar urðu á starfi framhaldsskólakennara á fyrsta ári heimsfaraldurs. Breytingastarf getur aukið streitu (Árný Helga Reynisdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2013; Fullan, 2016; Guðrún Ragnarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2014) og líklegt má telja að það tvöfalda kerfi stað- og fjarkennslu sem mörgum framhaldsskólakennurum var gert að starfa eftir hafi einnig haft áhrif. Mælt var gegn slíkum lausnum af Félagi framhaldsskólakennara (2021, 2022) nema tryggt væri að þær sköpuðu ekki viðbótarálag á kennara. Fjölmargar rannsóknir á erlendum vettvangi sýna einnig vaxandi álag á kennara í faraldrinum (Huber og Helm, 2020; Pressley, 2021; Sokal o.fl., 2020) og íslensk rannsókn á högum grunnskólakennara tekur undir það (Hjördís Sigursteinsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2022). Í breyttu starfsumhverfi áttu framhaldsskólakennarar í þessari rannsókn einnig í auknum samskiptum við nemendur og foreldra þeirra. Þetta er í samræmi við aðrar rannsóknir á skólastjórnendum sem sýna að samskipti við nemendur og foreldra jukust í faraldrinum (Argyropoulou o.fl., 2021) og foreldrar beittu kennara og skólastjórnendum í framhaldsskólum þrýstingi á að koma skólastarfi í hefðbundnar skorður (Guðrún Ragnarsdóttir og Jón Torfi Jónasson, í prentun) sem jók álagið á báða aðila. Rannsókn meðal bandarískra grunn- og framhaldsskólakennara sýnir að vinnustundum fækkaði lítillega í upphafi faraldurs en þeim fjölgaði svo jafnt og þétt til loka skólaársins 2021 (Gicheva, 2021). Vitað er að aukið starfsálag og starfstengd streita getur leitt til kulnunar í starfi og flótta úr kennarastéttinni (Evans, 2001; Ingersoll, 2002). Aukið álag á kennara er því



mikið áhyggjuefni (Hjördís Sigursteinsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2022; Pressley, 2021; Sokal o.fl., 2020) því flótti úr kennarastéttinni getur haft neikvæðar afleiðingar á menntakerfið til langs tíma.

Kynjamunur birtist þegar spurt var um álag og streitu. Rúmlega helmingi kennara fannst vinnu-álagið dreifast ójafnar á vorönn en það gerði fyrir faraldur og kvenkennurum þótti álagið ójafnara en karlkennurum. Kvenkennarar voru líklegri til að finna fyrir mikilli streitu í starfi en karlar og þeir kennarar sem voru með börn á heimilinu fundu fyrir meira álagi. Hér birtist enn erfiðari staða kvenna og barnafólks en konur tóku á sig mikla ábyrgð í faraldrinum (sjá t.d. Andreu Hjálmsdóttur og Valgerði S. Bjarnadóttur, 2020; Hjördísi Sigursteinsdóttur og Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur, 2022). Þegar saman fer álag á heimili og í starfi er verið að brenna kertið í báða enda og hætta á að slíkt endi illa.

Kennarar í stærri framhaldsskólum voru líklegri til að finna fyrir streitu um vorið þegar faraldurinn skall á en kennarar í minnstu skólunum. Þennan mun má hugsanlega skýra með hópastærðum en í stærri skólum eru námshópar gjarnan fjölmennari, fleiri nemendur sem þarf að sinna og þar með fleiri foreldrar sem kennarar þurfa að vera í samskiptum við. Þá kann að vera að tilhneiging til aukinnar streitu liggja einnig í minni reynslu af fjarkennslu, en kennarar í minni skólum bjuggu fremur að henni en kennarar í stærri skólum (Súsanna Margrét Gestsdóttir o.fl., 2020).

## Samvinna og stuðningur innan skóla

Starfsskyldur kennara taka til fleiri þátta en beinnar kennslu og fyrir faraldur höfðu birst rannsóknir um flókið starf framhaldsskólakennara, aukið skriffræði og fundaálag (Árný Helga Reynisdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2013; Elsa Eiríksdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2016). Meirihluti kennara í þessari rannsókn sagði samvinnu með starfsfélögum hafa gengið vel og voru kennarar í minni skólum ánægðari með samstarfið en aðrir. Nánast allir kennarar sóttu fundi með samstarfsfólki og/eða stjórnendum meðan skólar voru lokaðir um vorið en um þriðjungur þátttakenda benti á tíðari fundasetur en fyrir samkomubann. Fundir með stjórnendum virðast hafa verið fátíðari í stærstu framhaldsskólunum en þeim minnstu sem hugsanlega skýrir þann mun sem birtist í viðhorfum til samstarfs eftir skólástærð. Spyrja má hvort stjórnendur í stærri skólum hafi fjarlægst kennara meira en stjórnendur í minni skólum. Í rannsókn Guðrúnar Ragnarsdóttur og Jóns Torfa Jónassonar (í prentun) koma fram ýmsar brotalamir í stjórnkerfi skólanna í faraldrinum. Skólastjórnendur funduðu til að mynda meira með aðilum úr ytra umhverfi skólanna og samstjórnendum en með kennurum og öðru starfsfólki. Einnig sýna þau fram á að ákveðin gjá myndaðist á milli einstaklinga og einmanaleiki jókst (sjá einnig Parte og Herrador-Alcaide, 2021). Harris og Jones (2020) hafa einmitt bent á mikla fjarlægð á milli faghópa í faraldrinum og að takmarkanir á notkun skólahúsnæðis hafi breytt samskiptamynstri þar sem dró úr óformlegu samstarfi. Ríflega fjórðungi kennara í þessari rannsókn fannst fundasetur íþyngjandi um vorið, konum frekar en körlum, og það kann að tengjast auknum skyldum heima fyrir við umönnun barna og stuðning við þau, eins og fram hefur komið.

Nauðsynlegt er að ígrunda hvaða stuðning kennarar þurfa til að velferð þeirra í starfi sé tryggð, enda samband starfsánægju og stuðnings skýrt (Bracket o.fl., 2010) og rannsóknir Sifjar Einarsdóttur og féлага (2019) benda til að stuðningur hafi verndandi áhrif gegn kulnun. Bent hefur verið á að skólastjórnendur lögðu fyrst og fremst áherslu á tæknilegan stuðning við framhaldsskólakennara í faraldrinum en minna var hugað að kennslufræðilegum og félagslegum stuðningi (Guðrún Ragnarsdóttir og Jón Torfi Jónasson, í prentun; Guðrún Ragnarsdóttir og Súsanna Margrét Gestsdóttir, 2022). Þessi niðurstaða endurspeglar vel upplifun framhaldsskólakennara hérlendis og víðar í upp-hafi faraldursins en þá sögðu flestir kennslufræðilegan stuðning vera lítinn (Sandvik o.fl., 2020; Súsanna Margrét Gestsdóttir o.fl., 2020). Þegar litið er til framtíðar er mikilvægt að greina í hverju slíkur stuðningur við kennara geti falist. Finniskir framhaldsskólakennarar fundu fyrir skorti á kennslufræðilegri ígrundun í faraldrinum (Kula o.fl., 2022) og minnir það á að slík ígrundun, til dæmis í námssamfélagi, er talin afar gagnleg í fagþróun kennara (Korthagen og Vasalos, 2005).

Á hinn bóginn var um helmingur íslensku framhaldsskólakennaranna ánægður með félagslegan stuðning og kennarar í minni skólum ánægðari en þeir sem störfuðu í miðlungs eða stórum skólum. Líklega má skýra þennan mun með meiri nálægð skólastjórnenda og starfsfólks í litlum skólum en í þeim stærri og flóknari (sjá einnig Guðrún Ragnarsdóttir, 2018b).

## Að lokum

Niðurstöðurnar sýna athyglisverðar þverstæður sem kennsla í heimsfaraldri kallaði fram. Kennurum gekk á margan hátt betur að fóta sig í framandlegum aðstæðum og neyðarfjarkennslu þegar líða tók á faraldurinn en álagið var samt sem áður mikið. Líklega er ekki hægt að tala um kennara sem einn hóp þar sem vísbendingar eru um að kvenkennarar og kennarar með börn á heimilinu hafi fundið fyrir meira álagi í faraldrinum en einnig kemur til sú staðreynd að munur reyndist á upplifun kennara eftir skólastærð og fyrri reynslu af fjarkennslu (sjá Súsanna Margrét Gestsdóttir o.fl., 2020).

Kennarar breyttu miklu í starfi sínu og tóku þátt í snarpri starfsþróun sem fólst í að langflestir tileinkuðu sér fjölbreyttari aðferðir við kennslu en áður (Súsanna Margrét Gestsdóttir o.fl., 2020). Öfugt við það sem búast má við í venjulegu árferði, þegar starfsþróun eykur faglegt öryggi og vinnur gegn kulnun, fylgdi þessu á hinn bóginn bæði aukin streita og óöryggi í nýjum aðstæðum (Hjördís Sigursteinsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2022; Lauret og Bayram-Jacobs, 2021; Sokal o.fl., 2020). Skólar eru að sjálfsögðu hluti af samfélaginu og rétt að hafa í huga að við þær breytingar sem allir þurftu að mæta bættist óttinn við sjálfa farsóttina og afleiðingar hennar. Þessi rannsókn lýtur að því að greina hvaða lærdóm má draga af þessari reynslu. Bent hefur verið á nauðsyn þess að efla kennaramenntun enn frekar í ljósi breytts kennslufyrirkomulags, að bjóða kennurum tækifæri til starfsþróunar í samræmi við það, auka stuðning við nýliða og standa vörð um þann tíma sem kennurum er nauðsynlegur til samráðs og samstarfs (Darling-Hammond og Hylar, 2020). Skólafólk kann þá að vera betur búið undir óvænta kreppu eða breytingar sem riðið geta yfir á komandi árum og eiga auðveldara með að bregðast við þeim án mikillar röskunar á skólastarfi.

## **The working environment of upper secondary school teachers during the first year of the COVID-19 pandemic**

The working environment in upper secondary schools changed drastically with the onset of the COVID-19 pandemic. A ban on social gatherings was established in Iceland in March 2020 and all schoolwork shifted to on-line learning almost overnight; this lasted throughout the spring semester and continued with various restrictions in the fall of 2020. Upper secondary school teachers answered a questionnaire in May 2020, aimed at mapping the changes to working conditions during the spring semester and the shift into emergency remote teaching (Barbour et al., 2020). At the end of the fall semester, a follow-up questionnaire was sent. The data used in the current paper derive from these questionnaires. The aim is to investigate how teachers at the upper secondary level performed their duties under the new circumstances in 2020, especially during the first COVID lockdown in spring but also as the pandemic continued. Special emphasis is laid on how they experienced their working conditions, e.g., in terms of their definition of duties, stress, collaboration and administrative obligations, as well as their interaction with students and their parents. The support provided to teachers during the first stages of the pandemic, both technological, pedagogical and social is analyzed. The aim is to add to the gradually emerging knowledge base by shedding light on the work of upper secondary teachers during the first waves of the pandemic. The first results show that the teaching profession underwent radical changes during the first period of the pandemic (Súsanna Margrét Gestsdóttir et al., 2020). Upper secondary teachers felt an increased pressure and stress at work and perceived their work as more complicated than before. The experience of stress increased during the fall semester, even though the teachers reported they had a better handle on the work. The data show an important gender difference, as female teachers seem to have been primary caregivers in the homes and consequently found it more strenuous to attend to their teaching duties as well. More collaboration with colleagues during the pandemic was reported and administrative meetings were more frequent. The collaboration with colleagues proved a crucial factor when coping with the recurring changes of working conditions. This was generally viewed as beneficial to their work by a large majority of teachers. Communication with students and parents increased overall and over time, especially according to female teachers, which may have added to the increased pressure at work. Moreover, most participants believed students experienced more psychological stress during the pandemic, a perception that only heightened over time. However, they also believed that schools had adjusted their work practices to accommodate students during these challenging times. The results evoke important questions concerning teachers' working conditions. The rapid professional development undertaken by teachers led to the majority of them adopting more varied teaching approaches than before the pandemic. Nevertheless, this was accompanied by a higher level of stress and insecurity. This may carry several implications. Teacher education needs to take these changed circumstances into account and prepare future teachers for the possibilities of hybrid teaching and increased flexibility and differentiation. Both experienced and newly qualified teachers need to have access to professional development that supports them. The time and opportunities that teachers need for collaboration and peer support must be included in their work. Reflecting on the situation in Iceland during the first stages of the pandemic can serve as a basis for comparison with teachers' working conditions in other countries.

**Key words:** Stress at work, working environment, working duties, communication, support, upper secondary education

## Um höfunda

Guðrún Ragnarsdóttir (gudrunr@hi.is) er dósent á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún er lífeindafræðingur og kennari að mennt. Að auki er hún með diplómagráðu í opinberri stjórnslu, MPH-gráðu í lýðheilsufræðum og doktorsgráðu í menntavísindum frá Háskóla Íslands. Guðrún hefur starfað sem millistjórnandi og grunn- og framhaldsskólakennari. Einnig hefur hún tekið að sér fjölbreytt verkefni á sviði menntunar fyrir Evrópuráðið. Rannsóknasvið hennar er kennslufræði, skólaþróun, starfsþróun og stjórnun skóla.

Súsanna Margrét Gestsdóttir (susmar@hi.is) er lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún er sagnfræðingur og kennari að mennt og hefur starfað við sögukennslu, kennaramenntun og sem stjórnandi í framhaldsskóla. Súsanna Margrét hefur verið virkur þátttakandi í alþjóðlegu starfi þeirra sem standa að sögukennslu og menntun sögukennara og hún lauk doktorsnámi á því sviði við Háskólann í Amsterdam. Í starfi sínu leggur hún áherslu á tengsl háskólans við starfsvettvang kennara.

Amalía Björnsdóttir (amaliabj@hi.is) er prófessor við deild heilsueflingar, íþrótt- og tómstunda á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún lauk BA-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 1991, M.Sc.-prófi frá University of Oklahoma 1994 og doktorsprófi frá sama skóla 1996. Hún hefur lagt stund á rannsóknir á sviði mælinga og prófagerðar, lestrar- og málþroskamælinga, skólastjórnunar og áhrifa félagslegra þátta á skólastarf.

Elsa Eiríksdóttir (elsae@hi.is) er dósent í kennslufræði verk- og starfsmenntunar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk BA-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands 1999 og meistara- og doktorsprófi í verkfræðilegri sálfræði frá Georgia Institute of Technology í Atlanta í Bandaríkjunum 2007 og 2011. Rannsóknarhugi hennar beinist að námi og yfirfærslu, þróun kunnáttu, framhaldsskólastiginu og verk- og starfsmenntun.

## About the authors

Guðrún Ragnarsdóttir (gudrunr@hi.is) is an associate professor at the School of Education, University of Iceland. She completed a PhD degree in educational science from the University of Iceland in 2018. Her research area is educational change and policy, educational systems, upper secondary education, and school leadership. Recently her research focus has been on the impact of COVID-19 on upper secondary education.

Súsanna Margrét Gestsdóttir (susmar@hi.is) is an assistant professor at the University of Iceland, School of Education. She holds a master's degree in history and has worked as a history teacher, teacher educator and as a school leader at upper secondary level. She completed a PhD in history teaching at the University of Amsterdam. In her work she emphasizes the cooperation of the university and teachers' field of work.

Amalía Björnsdóttir (amaliabj@hi.is) is a professor at the Faculty of Health Promotion, Sport and Leisure Studies in the School of Education, University of Iceland. She completed a B.A. degree in psychology from the University of Iceland in 1991, and a Ph.D. from the University of Oklahoma in 1996. Her major research interests are in the areas of measurement and testing (reading and language development), school management and influence of social factors in education.

Elsa Eiríksdóttir (elsae@hi.is) is an associate professor at the University of Iceland, School of Education. She completed a BA degree in psychology from the University of Iceland in 1999 and a master's and a PhD in engineering psychology from Georgia Institute of Technology in Atlanta in 2007 and 2011, respectively. Her research interests include learning, transfer of training, skill acquisition, upper secondary education, and vocational education and training.

## Heimildir

- Andrea Hjálmsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir. (2020). “I have turned into a foreman here at home”: Families and work-life balance in times of COVID-19 in a gender equality paradise. *Gender, Work & Organization*, 28(1), 268–283. <https://doi.org/10.1111/gwao.12552>
- Antoniou, A. S., Ploumpi, A. og Ntalla, M. (2013). Occupational stress and professional burnout in teachers of primary and secondary education: The role of coping strategies. *Scientific Research*, 4(3A), 349–355. <https://doi.org/10.4236/psych.2013.43A051>
- Argyropoulou, E., Syka, C. H. og Papaioannou, M. (2021). School leadership in dire straits: Fighting the virus or challenging the consequences. *International Studies in Educational Administration*, 49(1), 18–27. <http://ccea.net/wp-content/uploads/2020/11/ISEA-2021-49-No-1.pdf#page=24>
- Árný Helga Reynisdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2013). Fleiri vindar blása: Viðhorf reyndra framhaldsskólakennara til breytinga í skólastarfi 1986–2012. *Netla – Vefritar um uppeldi og menntun*. <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/006.pdf>
- Barbour, M. K., LaBonte, R., Hodges, C. B., Moore, S., Lockee, B. B., Trust, T., Bond, M. A., Hill, P. og Kelly, K. (2020). Understanding pandemic pedagogy: Differences between emergency remote, remote, and online teaching. *State of the Nation: K-12 E-Learning in Canada project*. <https://vtechworks.lib.vt.edu/handle/10919/101905>
- Bracket, M. A., Palomera, R., Mojsa-Kaja, J., Reyes, M. R. og Salovey, P. (2010). Emotion-regulation ability, burnout, and job satisfaction among British secondary-school teachers. *Psychology in the Schools*, 47(4), 406–417. <https://doi.org/10.1002/pits.20478>
- Darling-Hammond, L. og Hylar, M. E. (2020). Preparing educators for the time of COVID ... and beyond. *European Journal of Teacher Education*, 43(4), 457–465. <https://doi.org/10.1080/02619768.2020.1816961>
- Doble, S. E. og Santha, J. C. (2008). Occupational well-being: Rethinking occupational therapy outcomes. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 75(3), 184–190. <https://doi.org/10.1177/000841740807500310>
- Elsa Eiríksdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2016). Sjóarmið stærðfræði- og verkgreinakennara í framhaldsskólum um hvaða öfl hafa áhrif á starfshætti: Námsmat og upplýsingatækni. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 25(2), 197–218. <https://ojs.hi.is/tuuom/article/view/2435>
- Evans, L. (2001). Delving deeper into morale, job satisfaction and motivation among education professionals: Re-examining the leadership dimension. *Educational Management and Administration*, 29(3), 291–306. <https://doi.org/10.1177/0263211X010293004>
- Félag framhaldsskólakennara. (2021). Bréf til skólameistara framhaldsskóla 13. ágúst.
- Félag framhaldsskólakennara. (2022). Bréf til skólameistara framhaldsskóla 7. janúar.
- Fjármála- og efnahagsráðuneyti. (2014). *Samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi*. [http://issuu.com/kennarasamband/docs/kjarasamningur\\_ki-ff\\_040414?e=10593660/7652687](http://issuu.com/kennarasamband/docs/kjarasamningur_ki-ff_040414?e=10593660/7652687)
- Friedman, S. (2015). Still a “stalled revolution”? Work/family experiences, hegemonic masculinity, and moving toward gender equality. *Sociology Compass*, 9(2), 140–155. <https://doi.org/10.1111/soc4.12238>
- Fullan, M. (2016). *The new meaning of educational change* (5. útgáfa). Teachers College Press.
- Gicheva, D. (2021). Teachers’ working hours during the COVID-19 pandemic. *Educational Researcher*, 51(1), 85–87. <https://doi.org/10.3102/0013189X211056897>
- Graham, M., Weale, V., Lambert, K. A., Kinsman, N., Stuckey, R. og Oakman, J. (2021). Working at home: The impacts of COVID 19 on health, family-work-life conflict, gender, and parental responsibilities. *Journal of Occupational and Environmental Medicine*, 63(11), 938–943. <https://doi.org/10.1097/JOM.0000000000002337>
- Guðlaug M. Pálsdóttir. (2022). *Áhrif COVID-19 á framhaldsskólanemendur: Fjarkennsla, aðstæður og liðan nemenda* [óútgefin meistararitgerð, Háskóli Íslands].
- Guðrún Ragnarsdóttir. (2018a). Kvika menntabreytinga: Viðbrögð framhaldsskólans við kröfum menntayfirvalda um breytingar. *Sérít Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. [https://netla.hi.is/serrit/2018/framhaldskolinn\\_brennidepli/05.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2018/framhaldskolinn_brennidepli/05.pdf)
- Guðrún Ragnarsdóttir. (2018b). *School leaders’ perceptions of contemporary change at the upper secondary school level in Iceland: Interaction of actors and social structures facilitating or constraining change* [doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. Opín vísindi. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/2530>



- Guðrún Ragnarsdóttir. (2021). School leaders' actions and hybridity when carrying out reform and confronting teachers' responses: Institutional and organisational perspectives. *Education Inquiry*. <https://doi.org/10.1080/20004508.2021.1950272>
- Guðrún Ragnarsdóttir, Ásrún Matthíasdóttir og Jón Friðrik Sigurðsson. (2010). Velferð kennara er lykillinn að öflugum framhaldsskóla. *Netla – Vefritarrit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/arsrit-2010/>
- Guðrún Ragnarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2014). Curriculum, crisis and the work and well-being of Icelandic upper secondary school teachers. *Education Inquiry*, 5(1), 43–67. <https://doi.org/10.3402/edu.v5.24045>
- Guðrún Ragnarsdóttir og Jón Torfi Jónasson. (Í prentun). *Stofnunareðli framhaldsskóla í faraldurskreppu: Ný reynsla og breytt umbod skólastjórnenda* [Stjórnmal og stjórnsýsla].
- Guðrún Ragnarsdóttir og Súsanna Margrét Gestsdóttir. (2022). Togstreita og andstað sjónarmið: Sýn kennara og skólastjórnenda á þróun og framtíðarmöguleika framhaldsskólans. *Sérrit Netlu 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar: Sérrit til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni, prófessors emeritus*.
- Hargreaves, A. og M. Fullan. (2020). “Professional capital after the pandemic: Revisiting and revising classic understandings of teachers' work.” *Journal of Professional Capital and Community*, 5(3-4), 327–336. <https://doi.org/10.1108/JPC-06-2020-0039>
- Harris, A. og Jones, M. (2020). COVID-19 – school leadership in disruptive times. *School Leadership & Management*, 40(4), 243–247. <https://doi.org/10.1080/13632434.2020.1811479>
- Hirshberg, M. J., Frye, C., Dahl, C. J., Riordan, K. M., Vack, N. J., Sachs, J., Goldman, R., Davidson, R. J. og Goldberg, S. B. (2022). A randomized controlled trial of a smartphone-based well-being training in public school system employees during the COVID-19 pandemic. *Journal of Educational Psychology*. <https://doi.org/10.31234/osf.io/hrvmu>
- Hjördís Sigursteinsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir. (2022). The well-being of primary school teachers during COVID-19. *International Journal of Environmental Research and Public Health*, 19(18), 11177. <https://doi.org/10.3390/ijerph191811177>
- Houtman, I. og Jettinghoff, K. (2007). *Raising awareness of stress at work in developing countries: A modern hazard in a traditional working environment. Advice to employers and worker representatives*. World Health Organisation (WHO). <https://apps.who.int/iris/handle/10665/42956>
- Huber, S. G. (2021). Schooling and education in times of the COVID-19 pandemic: Food for thought and reflection derived from results of the school barometer in Germany, Austria and Switzerland. *International Studies in Educational Administration*, 49(1), 6–17. <http://ccea.net/wp-content/uploads/2020/11/ISEA-2021-49-No-1.pdf#page=12>
- Huber, S. G. og Helm, C. (2020). COVID-19 and schooling: Evaluation, assessment and accountability in times of crises—reacting quickly to explore key issues for policy, practice and research with the school barometer. *Educational Assessment, Evaluation and Accountability*, 32, 237–270. <https://doi.org/10.1007/s11092-020-09322-y>
- Ingersoll, R. M. (2002). The teacher shortage: A case of wrong diagnosis and wrong prescription. *National Association of Secondary School Principals*, 86(631), 16–31.
- Kennarasamband Íslands. (e.d.). *Síðareglur*. <https://www.ki.is/um-ki/stefna-ki/sidareglur/>
- Khanal, P., Bento, F. og Tagliabue, M. (2021). A scoping review of organizational responses to the COVID-19 pandemic in schools: A complex systems perspective. *Education Sciences*, 11(3), 115. <https://doi.org/10.3390/educsci11030115>
- Klassen, R. M., User, E. L. og Bong, M. (2010). Teachers' collective efficacy, job satisfaction, and job stress in cross cultural context. *The Journal of Experimental Education*, 78(4), 464–486. <https://doi.org/10.1080/00220970903292975>
- Korthagen, F. A. J. og Vasalos, A. (2005). Levels in reflection: Core reflection as a means to enhance professional growth. *Teachers and Teaching*, 11(1), 47–71.
- Kraft, M. A., Simon, N. S. og Lyon, M. A. (2021). Sustaining a sense of success: The protective role of teacher working conditions during the COVID-19 pandemic. *Journal of Research on Educational Effectiveness*, 14(4), 727–769. <https://doi.org/10.1080/19345747.2021.1938314>

- Kula, S., Mannila, L. og Eklund, G. (2022, 1.–3. júní). *Upper secondary school teachers' perceptions of contact and distance teaching with a focus on school development in three upper secondary schools in the Swedish-speaking part of Finland* [erindi]. NERA-ráðstefna, Reykjavík.
- Lauret, D. og Bayram-Jacobs, D. (2021). COVID-19 lockdown education: The importance of structure in a suddenly changed learning environment. *Education Sciences*, 11(5), 221. <https://doi.org/10.3390/educsci11050221>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012). *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011: Almennur hluti* (2. útgáfa).
- Mennta og menningarmálaráðuneyti. (2018). *Samantekt úr Education at a glance 2018: Skýrsla OECD um menntaöflfræði*. [https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Menntamalaraduneytid/Samantekt\\_Education%20at%20a%20Glance%202018%20.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Menntamalaraduneytid/Samantekt_Education%20at%20a%20Glance%202018%20.pdf)
- Montgomery, C. og Rupp, A. A. (2005). A meta-analysis for exploring the diverse causes and effects of stress in teachers. *Canadian Journal of Education*, 28(3), 458–486.
- Ómar H. Kristmundsson. (2007, 14. september). *Vinnuumhverfi framhaldsskóla: Könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 2006* [erindi]. Formannafundur Félags framhaldsskólakennara.
- Parte, L. og Herrador-Alcaide, T. (2021). Teaching disruption by COVID-19: Burnout, isolation, and sense of belonging in accounting tutors in e-learning and b-learning. *International Journal of Environmental Research and Public Health*, 18(19), 10339. <https://doi.org/10.3390/ijerph181910339>
- Pressley, T. (2021). Factors contributing to teacher burnout during COVID-19. *Educational Researcher*, 50(5), 325–327. <https://doi.org/10.3102/0013189X211004138>
- QUINT. (2022). *Conference report: Nordic schools during COVID-19*. <https://www.uv.uio.no/quint/english/news-and-events/news/2022/conference-report-nordic-schools-during-covid-19.html>
- Sandvik, L. V., Sommervold, O. A., Angvik, S. A., Smith, K., Strømme, A. og Svendsen, B. (2020). *Opplevelser av undervisning og vurdering i videregående skole under Covid-19s hjemmeskole*. NTNU. <https://www.ntnu.edu/documents/1272530013/1284701070/Rapport-undervisning-vurdering-hjemmeskole-Covid-19.pdf/841a710d-3d73-b1fe-ef76-125e9b7e9600?t=1597388448186>
- Sif Einarsdóttir, Regína Bergdís Erlingsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ásta Snorraddóttir. (2019). Kulnun kennara og starfsaðstæður: Þróun og samanburður við aðra opinbera sérfræðinga. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2019/ryn/12.pdf>
- Sokal, L., Eblie Trudel, L. og Babb, J. (2020). Canadian teachers' attitude toward change, efficacy, and burnout during the COVID-19 pandemic. *International Journal of Educational Research Open*, 1, 100016. <https://doi.org/10.1016/j.ijedro.2020.100016>
- Súsanna Margrét Gestsdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Elsa Eiríksdóttir. (2020). Fjarkennsla í faraldri: Nám og kennsla í framhaldsskólum á tímum samkomubanns vegna COVID-19. *Sérrit Netlu 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*. [https://netla.hi.is/serrit/2020/menntakerfi\\_heimili\\_covid19/09.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2020/menntakerfi_heimili_covid19/09.pdf)
- UNESCO. (e.d.-a). *Adverse consequences of school closures: More on UNESCO's COVID-19 education response*. <https://en.unesco.org/covid19/educationresponse/consequences>
- UNESCO. (e.d.-b). *Education: From school closure to recovery*. <https://en.unesco.org/covid19/educationresponse>
- UNICEF. (2020, 4. september). *Tips for schools on how to strengthen communication with parents/caregivers*. <https://www.unicef.org/romania/stories/tips-schools-how-strengthen-communication-parentscaregivers>
- Puríður Jóna Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir. (2020). Fjarkennsla og stafræn tækni í framhaldsskólum á tímum farsóttar vorið 2020: Sjónarhóll kennara og stjórnenda. *Sérrit Netlu 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*. [https://netla.hi.is/serrit/2020/menntakerfi\\_heimili\\_covid19/10.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2020/menntakerfi_heimili_covid19/10.pdf)



Guðrún Ragnarsdóttir, Súsanna Margrét Gestsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Elsa Eiríksdóttir. (2022)

Starfsumhverfi framhaldsskólakennara á fyrsta ári COVID-19 heimsfaraldurs.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2022/alm/12>

DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2022.12>